

**2257. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 26. ágúst 2021 og hófst kl. 16:06.**

---

**Mættir:** Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Sigurðsson, Orri Hlöðversson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson (varamaður í stjórn sem tók sæti Magnúsar Gylfasonar).

**Fjarverandi:** Magnús Gylfason og Þorsteinn Gunnarsson aðalmenn í stjórn.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

---

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
  - 1.1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt á milli funda á rafrænan hátt af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
2. Fundargerðir nefnda og starfshópa voru lagðar fram til kynningar.
  - 2.1 Mótanefnd 6. júlí 2021.
  - 2.2 Mótanefnd 24. ágúst 2021.
  - 2.3 Fjárhagsnefnd 23. ágúst 2021.
3. Reglugerðir.
  - 3.1 Gísli Gíslason formaður laga- og leikreglanefndar kynnti breytingar á ákvæðum í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga (samningsbrot leikmanna, fæðingarorlof o.fl.) Víðtækt samráð hefur verið haft í málinu eins og áður hefur fram komið. Orri Hlöðversson fór yfir sjónarmið ÍTF í málinu. Skoða þarf hvort þörf sé á skýrari orðalag á einni grein og því var endanlegri afgreiðslu frestað til næsta fundar.
  - 3.2 Skoða þarf ákvæði um félagaskiptaglugga (tímasetningar) og hvort að ástæða sé til þess að hafa félagaskiptaglugga karla og kvenna á ólíkum tímabilum sér í lagi vegna fyrirkomulags Meistaradeildarkvenna þar sem nú 2 lið eiga fulltrúa.
4. Fjármál.
  - 4.1 Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fóru yfir 6 mánaða uppgjör sambandsins. Uppgjörið er að mestu leiti í samræmi við áætlanir.
  - 4.2 Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fóru yfir spá um lokaniðurstöðu ársins. Mikil óvissa eru um miðasölutekjur ofl. sem gæti haft veruleg neikvæð áhrif á niðurstöðu seinni hluta ársins. Rætt var um miðasölumál fyrir komandi landsleiki karla og kvenna.
5. Mótamál.
  - 5.1 Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar fór yfir það sem er efst á baugi í mótamálum. Rætt um 8 liða úrslit í Mjólkurbikar karla og frestanir leikja vegna Covid-19. Átta leikir hafa hnikast til í Lengjudeildinni og hefur það haft veruleg áhrif. Einnig hefur verið talsvert um frestanir í 3. deild karla vegna Covid-19. Rætt um mótafyrirkomulag yngri flokka. Síðastliðinn föstudag fór fram fundur fulltrúa mótanefndar með fulltrúum knattspyrnusviðs og nokkrum yfirþjálfurum. Ræddar voru hugmyndir að nýjum útfærslum á keppni A-liða á Íslandsmóti 4. og 3. flokks. Hugmyndirnar ganga út á það að leikið er í lotum þar sem lið flytjast upp og niður um deildir á milli lotna. Valgeir ræddi um kosti og galla þessara hugmynda sem eru í grunninn spennandi. Mótanefndin telur að rétt sé að taka einn flokk til að byrja með og sjá hvernig þetta fyrirkomulag reynist .

Ljóst er að svona fyrirkomulag gæti orðið mjög krefjandi fyrir þátttökuliðin m.a. í tengslum við frestanir, fjölda leikja, velli og árekstra við önnur mót og viðburði. Stjórn er sammála þessari nálgun mótanefndar, þ.e. að byrja á að prófa þetta fyrirkomulag í 3. flokk karla og kvenna (A lið). Þá hafa komið fram hugmyndir frá knattspyrnusviðinu um breytingar á 2. flokk kvenna og tengingu við varalið. Starfshópar um einstakar deildir eru að störfum en eru komnir mislangt í störfum sínum. Lagt var fram minnisblað frá starfshópi um deildarkeppni kvenna.

## 6. Rætt um landsliðsmál.

- 6.1 Yngri landslið karla og kvenna. Ragnhildur Skúladóttir formaður unglínganefndar fór yfir komandi verkefni liðanna.
- 6.2 U21 karla. Gísli Gíslason formaður landsliðsnefndar U21 fór yfir komandi leik gegn Hvíta-Rússlandi á útvelli og heimaleikinn gegn Grikkjum á Fylkisvelli.
- 6.3 A kvenna. Borghildur Sigurðardóttir formaður landsliðsnefndar kvenna fór yfir komandi leik gegn Hollandi sem fram fer á Laugardalsvöll nú í september.
- 6.4 A karla. Guðni Bergsson formaður KSÍ opnaði umræðuna og fór yfir liðið sem var tilkynnt í gær og þá endurnýjun sem á sér stað í liðinu. Rætt um komandi leiki. Þá ræddi Guðni um þá gagnrýni sem hefur komið fram á sambandið m.a. í greinarskrifum og eftir yfirlýsingu stjórnar þann 17. ágúst s.l. Stjórn sammála um að leita leiða með fagfólki til að bæta enn frekar starfsemi sambandsins, m.a. með samskiptafræðslu til landsliðanna, með átaki gegn neikvæðri menningu í búningsklefum og byggja undir jákvæða menningu. Þá var rætt um hvernig sambandið geti með aðgerðum unnið gegn hvers kyns ofbeldi og hvernig bæta mætti sýnileika forvarna og fræðslu um ofbeldismál á heimasíðu sambandsins og um réttan farveg til að tilkynna um slík mál.

## 7. Önnur mál

- 7.1 KSÍ hefur verið í sambandi við FIFA og íslensk stjórnvöld varðandi hvort að KSÍ geti aðstoðað við móttöku flóttamanna frá Afganistan (leikmönnum úr U17 kvenna).
- 7.2 Rætt um verðlaunaafhendingar og Covid leiðbeiningar.
- 7.3 Orri Hlökkversson uppfræddi stjórn um það helsta af vettvangi ÍTF, þ.á.m. sjónvarpsréttarmál ofl. Starfsdagur stjórnar ÍTF verður 4. september.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 19:22.

Klara Bjartmarz.